

FRÉTTIR


Frá Hrísey

Eins og flestum er eflaust enn í fersku minni brann fiskvinnsla Hrísey Seafood til kaldra kola í stórbrúna 28. maí sl. Bruninn var gríðarlegt áfall fyrir íbúa eyjarinnar og eigendur Hrísey Seafood, þau Telmu Róbertsdóttur og Sigurð Jónsson. Um altjón var að ræða þar sem bæði húsnæðið og öll tæki og tól fiskvinnslunnar eyðilögðust ásamt miklu magni afurða og umbúða. Fiskvinnslan var langstærsti vinnuveitandinn í Hrísey með 10 -15 starfsmenn, auk áhafnar skips sem landaði hjá fyrirtækinu.


Fljótlega var farið í hreinsun rústanna og var sú vinna í gangi fram eftir sumri. Stóra spurningin var samt sú hvort og hvernig starfsemin gæti aftur farið af stað. Það var einbeittur vilji eigendanna að leita allra leiða til að endurreisa vinnsluna og nú hefur það loks borið árangur.

Í september var undirritaður kaupsamningur milli Byggðastofnunar og Hrísey Seafood um kaup á sk. salthúsi sem stendur við Sjávargötu, beint á móti húsinu sem brann. Húsið er um 900 fm að stærð. Síðast var unnin bláskel í húsinu en síðan sú framleiðsla var aflögð hefur það að mestu þjónað sem vélaverkstæði og geymsluhúsnæði sem nú hefur verið fundin annar staður í eyjunni.

Þegar er hafin endurbygging hússins og vinnslunnar en það er heilmikið verkefni. Eigendurnir reikna með að vinnsla geti hafist aftur á fyrri hluta næsta árs. SSNE hefur fylgt eigendum vel eftir í málinu og alltaf veitt aðstoð þegar hennar var þörf. Það er svona dugnaður og elja þegar á móti blæs sem heldur hlutunum gangandi og vonandi eru bjartari tímar fram undan í Hrísey.



Hrísey. Mynd: RÚV - Björgvin Kolbeinsson



Frá Grímsey

Óvenju mannmargt miðað við árstíma hefur verið í Grímsey að undanförunu, en nokkuð margir Grímseyingar sem alla jafna dvelja í landi á vetrum, hafa verið í eyjunni. Töluvert af börnum og unglingum hafa verið í eyjunni í fjar- og heimakennslu eins og víða annars staðar þetta misserið. Ufsaveiði hefur verið afar góð við eyjuna og hafa Björn EA 220 og Þorleifur EA 88 prýtt topp 10 lista Aflafréttanna síðustu vikur. Bátafloki Grímseyjar hefur stækkað töluvert í ár, en auk þeirra þriggja báta sem hafa bæst við hingað til, komu feðgarnir Magnús Bjarnason og Bjarni Reykjálín nú í nóvember heim með Skel 26 sem mun fá nafnið Sæfinnur EA 58.

Líkamsræktaraðstaða eyjarskeggja í félagsheimilinu er fullbúin og komin í gagnið og nú á dögunum var lokið við grillhýsi við tjaldsvæðið sem mun eflaust nýttast mörgum heimamanninum og ferðalangnum þegar sól tekur að hækka á lofti á ný. Skipt var um alla kúpla á götuljósnum nýlega og jólaljós eru tekin að tínast á heimili og önnur mannvirki sem lýsir upp myrkasta skammdegið, en í Grímsey nýtur einungis sólar í rúmar tvær klukkustundir á stysta degi ársins. Þá er skemmtilegt verkefni í gangi þar sem gamlar VHS spólur með upptökum frá hinum ýmsu viðburðum í Grímsey í gegnum tíðina var safnað saman og liggur nú fyrir að yfirfæra allt efnið yfir á stafrænt form. Alls eru þetta um 40 klst. af efni sem verður svo sýnt í félagsheimilinu þegar aðstæður leyfa.


Grímsey. Mynd: Karen Nótt Halldórsdóttir

Frá Bakkafirði

Minjastofnun veitti styrk til að mæla og teikna upp gömlu hafnarvogina á Bakkafirði. Byggingarár vigtarhússins er ekki á hreinu en líkur eru til að það hafi verið byggt um leið og vogin sem er frá 1966. Verkefnið sem Minjastofnun styrkti fólst í að mæla upp og teikna gamla vigtarhúsið sem er ca. 16 m2 og gömlu hafnarvogina. Þá skyldi vera gerð úttekkt á húsinu og kostnaðaráætlun við endurbætur. Vogin er smíðuð af Landssmiðjunni í Reykjavík, en fyrirtækið smíðaði flestar hafnarvogir í sjávarbyggðum landsins.

Með tilkomu hafnarvoga var ákveðin bylting í löndun og vigtun sjávaraflla. Vogir að þessari gerð eru ekki nýttar lengur og líklega eru ekki margar til í landinu, hvað þá uppgerðar sem sýningagripir. Markmiðið með þessu verkefni er að vernda minjar sem þjónuðu byggðalaginu um langt skeið og um leið skapa umgjörð þar sem fólk getur komið saman og jafnvel fengið sér kaffisopa á hafnarvoginni sem var stór þáttur í daglegu lífi fólks í sjávarbyggðum vítt og breitt um landið. Auk þess er markmiðið að koma upp sýningu í myndum og máli um þætti sem byggðin við Bakkafloa byggði afkomu sína á í gegnum árin.

Bakkafjörður er brothætt byggð og því mikilvægt að byggja upp þætti sem gætu haft áhrif á fjölgun ferðamanna inn á svæðið. Uppbygging og verndun húsa og minja hefur einnig mjög jákvæð áhrif á afstöðu fólks til byggðarinnar og gerir íbúa stoltari af sínu byggðalagi.



Tölvugerð mynd: EFLA Verkfræðistofa


UPPBYGGINGARSJÓÐUR

Umsóknarfrestur fyrir styrki úr Uppbyggingarsjóði Norðurlands eystra rann út á hádegi 4. nóvember sl. Alls bárust 201 umsókn sem er metfjöldi umsókna og jafngildir 27% aukingu frá síðasta ári. Sjóðurinn, sem er samkeppnissjóður, veitir styrki til menningarverkefna, atvinnuþróunar og nýsköpunar auk stofn- og rekstrarstyrkja á sviði menningarmála. Alls bárust 95 umsóknir til atvinnuþróunar og nýsköpunar og 106 umsóknir vegna menningartengdra verkefna. Til úthlutunar eru 75 m.kr. en samtals var sótt um tæpar 436 m.kr., þar af 264 m.kr. til atvinnuþróunar og nýsköpunar og 172 m.kr. til menningarstarfs. Meðalupphæð styrkja sem sótt var um var rúmlega 2,1 mkr.


Mikið var lagt upp með að hvetja athafnafólk úr öllum aðildarsveitarfélögum SSNE til umsókna. Vegna Covid-19 varð SSNE að hætta við fyrirhugaðar heimsóknir til sveitarfélaganna á svæðinu en bauð þess í stað upp á rafræna vinnufundi fyrir umsækjendur og upplýsingagjöf í gegnum síma til þeirra sem þess óskuðu. Umsóknir bárust frá öllum aðildarsveitarfélögum og flestar voru þær frá Akureyrarbæ eins og sjá má á meðfylgjandi grafi. Þá sýnir seinna grafið glögg hvenær umsóknum var skilað inn en yfir 82% allra umsókna bárust á síðustu 24 klukkustundum umsóknarfrestsins með tilheyrandi álagi á kerfið og starfsmenn.

Úthlutunarnefnd hóf störf um miðjan nóvember og mun meta umsóknir á næstu vikum en gert er ráð fyrir að svör berist umsækjendum síðla í janúar 2021. Fyrri úthlutanir úr Uppbyggingarsjóði má finna [hér](#)

FJÖLDI UMSÓKNA



TÍMASETNINGAR UMSÓKNA



RÍKISSTÖRFIN

Eitt af yfirlýstum markmiðum sóknaráætlunar Norðurlands eystra er að auka hlutfall stöðugilda á vegum ríkisins í landshlutunum. Árlega gerir Bygðastofnun könnun á staðsetningu starfa á vegum ríkisins en miðað er við hvar störfirn eru unnin en ekki búsetu starfsmanna. Nýverið voru tölur um fjölda stöðugilda við áramót 2019/2020 kynntar sem sýna 1% aukningu á milli ára á Norðurlandi eystra.

Fjölgað var á stöðugildum m.a. hjá Heilbrigðisstofnun Norðurlands, Sjúkrahúsinu á Akureyri, Lögreglustjóranum á Norðurlandi eystra og Framhaldsskólanum á Húsavík en nokkur fækkun var hjá Íslandspósti. Í Langanesbyggð fækkaði stöðugildum hjá Vegagerðinni og í Skútustaðahreppi fækkaði hjá Landsvirkjun en fjölgaði m.a. hjá Umhverfisstofnun á mót.

Hægt er að nálgast skýrslu Bygðastofnunar [hér](#).

	Stöðugildi kvenna	Stöðugildi karla	Samtals stöðugildi	Hlutfallsleg breyting frá 31.12.18
Höfuðborgarsvæðið	11.256	6.501	17.757	+1.3%
Suðurnes	659	720	1.379	-4.2%
Vesturland	566	266	832	+1.4%
Vestfirðir	267	182	449	-1.0%
Norðurland vestra	313	173	487	+0.4%
Norðurland eystra	1.355	612	1.967	+1.0%
Austurland	361	197	558	-0.7%
Suðurland	906	582	1.488	+1.0%
Erlendis	33	28	61	-1.6%
Óstaðsett	-	2	2	-25.0%
Samtals stöðugildi	15.716	9.263	24.980	+0.8%

STEFNUMÓTANDI BYGGÐAÁÆTLUN STJÓRNVALDA

C.1 styrkir til sértækra verkefna sóknaráætlanasvæða

Frestur til umsókna um styrk úr C.1 sjóði stefnumótandi byggðaáætlunar rann út 16. nóvember sl. Veittir eru styrkir til sértækra verkefna sóknaráætlanasvæða og er áhersla lögð á svæði sem búa við langvarandi fólksfækkun, atvinnuleysi og einhæft atvinnulíf. Verkefni sem hafa jákvæð áhrif á þróun byggðar og búsetu verða sett í forgang. Alls verða allt að 76,5 m.kr. veittar til sértækra verkefna svæðanna.

Stjórn SSNE samþykkti á fundi sínum 11. nóvember að sækja um styrki fyrir 8 verkefni á Norðurlandi eystra:

- Ásgarður - skóli í skýjunum
- Fjarvinnsluverkefni á Bakkafirði og Raufarhöfn
- Hraðið - nýsköpunarmiðstöð á Húsavík
- Rannsóknamiðstöð í grænni líftækni og plöntumeinafræði
- Friðlandsstofa - Anddyri Friðlands Svarfdæla í Dalvíkurbyggð
- Hringrásarhagkerfið
- Gróðurhús í Öxarfirði
- Sjálfbær raforkuframleiðsla og hleðslustöð við Grímsstaði á Fjöllum

Niðurstöðu úthlutunarnefndar má vænta í desember.

Stöðumat og endurskoðun stefnumótandi byggðaáætlunar

Á síðastliðnum vikum hefur samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið og Byggðastofnun boðað til samráðsfunda með öllum landshlutasamtökum sveitarfélaga vegna stöðumats og endurskoðunar byggðaáætlunar. Tilgangur fundanna var að fá mat á framkvæmd byggðaáætlunar og kalla eftir skoðunum á því hverjar væru helstu áskoranir og lykilviðfangsefni næstu áætlunar.

Á fundinum sem haldinn var með fulltrúum sveitarfélaga á Norðurlandi eystra og starfsmönnum SSNE þann 19. október sl. kom m.a. fram að helstu áskoranir landshlutans væru fólksfækkun og ójöfn aldursamsetning. Bent var á að skoða þyrfti nýja menntastefnu fyrir landsbyggðina t.d. að fyrirmynd Finna. Eins var lögð áhersla á að efla þyrfti hlutverk sóknaráætlana og að æskilegt væri að innleiða fjölmenningsstefnu sem væri samræmd yfir allt landið. Jafnframt var bent á mikilvægi þess að efla þyrfti sjúkrahúsið á Akureyri og gera það að háskólasjúkrahúsi.

Umræður um menningu og listir voru fyrirferðamiklar á fundinum og vildu sumir meina að menningin væri ein stærsta áskorunin fyrir landshlutann. Bent var á að efla þyrfti menningarstofnanirnar á svæðinu og innleiða fleiri menningar- og listatengd verkefni í byggðaáætlun. Í núgildandi byggðaáætlun eru 54 aðgerðir en af þeim eru aðeins 3 á sviði menningar og lista með tryggðu fjármagni; Nýting menningarmínja, Samstarf safna – ábyrgðasöfn og List fyrir alla. Að frumkvæði verkefnastjóra menningarmála hjá SSNE hafa menningarfulltrúar landshlutanna sett saman tillögur að 17 aðgerðum á sviði menningar og lista í endurskoðaðri byggðaáætlun og hafa tillögurnar verið bornar undir og samþykktar af framkvæmdastjórum og stjórnrum landshlutasamtakanna. Stöðumat og tillögur hafa verið lagðar fram í samráðsgátt stjórnvalda en áætlað er að tillaga að þingsályktun verði lögð fram í samráðsgáttina næsta vor, að undangengnu samráði í öllum landshlutum.

Hægt er að nálgast stefnumótandi byggðaáætlun stjórnvalda [hér](#).

RATSJÁ FYRIR FERÐAÞJÓNUSTU OG TENGÐAR GREINAR

SSNE ásamt sex öðrum landshlutasamtökum hefur tekið sig saman um að bjóða stjórnendum í ferðaþjónustu og tengdum greinum þátttöku í Ratsjánni sem er nýsköpunar- og þróunarverkefni í samstarfi við Íslenska ferðaklasann.

Ratsjainn er verkfæri sem eykur nýsköpunarhæfni þátttakenda, hraðar mikilvægum breytingaferlum og veitir aukna yfirsýn og getu til að þróa vörur og þjónustu.

Þátttakendur frá öllum landshlutum munu hittast á tveggja vikna fresti á sameiginlegum vinnustofum á netinu þar sem kafað verður í kjarna þeirra verkfæra sem fyrir valinu verða. Á milli sameiginlegra vinnustofanna er haldinn svæðisbundinn heimafundur sem er í umsjón landshlutanna sjálfra. Þar verður farið nánar yfir efnistöð frá sameiginlegum fundi og unnið með sérstöðu hvers svæðis fyrir sig á þeirra forsendum.

Ljóst er að fyrirtæki í virðisbættu ferðaþjónustunnar eru í miklum ólgusjó sem ekki sér fyrir endann á. Á næstu mánuðum er lykilatriði að halda fast um taumana, nýta sér þau úrræði sem í boði eru af hendi stjórnvalda ásamt því að nýta tímann til að efla nýsköpun, vöruþróun og stafræna ferla fyrirtækisins. Ratsjainn mun snerta á helstu áskorunum sem fyrirtækjaeigendur standa frammi fyrir í dag en endanleg dagskrá mun vera unnin í samstarfi við þátttakendur sem geta með kosningu haft áhrif á þá efnisþætti sem teknir verða fyrir.

Meðal efnisþátta sem verða í boði eru:

- nýsköpun og vöruþróun
- markaðsmál og markhópar
- sjálfbærni og ábyrg ferðaþjónusta
- stafræn þróun og tækniþyrling fyrirtækja
- breyttir tímar og tækifærin
- kaupákvörðunarhringurinn
- draumur stofnenda – tilgangur og markmiðasetning
- heimasíður – hvernig skarar síðan mín fram úr?
- jákvæð sálfræði
- breytingastjórnun
- endurhugsaðu viðskiptamódelið
- skapandi hugsun sem verkfæri til framfara
- samkeppnishæfni og sérstöðugreining

Ratsjainn mun hefjast með formlegum hætti í janúar 2021 og standa yfir í 16 vikur eða til 16. apríl.

Frekari upplýsingar gefa Elva, Rebekka eða Silja í síma 464-5400.

SAMTALIÐ

Ágrip frá framkvæmdastjóra

Starfsmannasamtöl fóru fram í nóvember þar sem framkvæmdastjóri ræddi við alla fastráðna starfsmenn SSNE um markmið þeirra í starfi og framvindu verkefna, samskipti á vinnustaðnum, líðan í starfi og þörf fyrir símenntun svo eitthvað sé nefnt. Þá voru starfslýsingar einnig endurskoðaðar. Það er ljóst að mjög vel gengur að samþætta starfsemi félaganna þriggja sem sameinuðust í SSNE í upphafi þessa árs og að starfsfólkið hefur náð að gera ótrúlega mikið á ekki lengri tíma. Það byggir á mikilli og dýrmætri reynslu og þekkingu þar sem reynsluboltar sameina krafta sína í því að leysa úr þeim fjölbreyttu verkefnum sem okkur eru falin. En fyrst og síðast byggir þessi árangur á miklum og einlægum vilja starfsfólksins til að ná árangri. Við erum öll að læra nýja hluti og ég segi fyrir mína parta að við erum komin svo miklu lengra með að þróa starfsemina á þessum stutta tíma en ég þorði að vona þegar ég hóf þessa vegferð. Við erum nú að undirbúa aukabíng SSNE sem haldið verður föstudaginn 11. desember næstkomandi en þar verður m.a. tekin fyrir endurskoðuð fjárhagsáætlun, starfsáætlun stjórnar og úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs greinir frá stöðunni í umsóknarferlinu og úrvinnslu umsókna. Einnig verður rætt um umhverfismál, stöðu og næstu skref í landshlutanum o.fl. Í 4. gr. samþykktu SSNE er kveðið á um rétt til setu, málfrelsi og tillögurétt á þingum SSNE en þar segir:

„Rétt til setu á þingum SSNE eiga allir einstaklingar og lögaðilar sem eiga lögheimili á starfssvæði landshlutasamtakanna. Málfrelsi og tillögurétt á þingum eiga eftirtaldir aðilar:

- Fulltrúar úthlutunarnefnd uppbyggingarsjóðs Norðurlands eystra
- Fulltrúar fagráða SSNE
- Fulltrúar í undirnefndum SSNE
- Fulltrúar formlegra samtaka atvinnulífs sem starfa á svæðinu
- Fulltrúar formlegra stéttarfélaga sem starfa á svæðinu
- Fulltrúar menningar- og listastofnana sem starfa á svæðinu
- Fulltrúar fræðastofnana á svæðinu
- Fulltrúar formlegra samtaka á sviði umhverfismála á svæðinu
- Fulltrúar opinberra stofnana
- Framkvæmdastjórnar aðildarsveitarfélaga
- Kjörnir fulltrúar í sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaga og varamenn þeirra
- Alþingismenn Norðausturkjördæmis og varamenn þeirra“

Þingfulltrúar, skipaðir af sveitarstjórnnum skv. 5. gr. samþykktu SSNE, hafa auk þess sem að ofan greinir atkvæðisrétt. Þing SSNE fara með æðsta vald landshlutasamtakanna.

SSNE hélt fund með sveitarstjórum og kjörnum fulltrúum 20. nóvember en þá komu fulltrúar Íslandsstofu og kynntu starfsemina og helstu verkefni. Fundurinn var mjög upplýsandi og getur lagt grunninn að auknu samstarfi landshlutasamtakanna við Íslandsstofu. Eins og venjulega sköpuðust góðar umræður á fundinum og þessi vettvangur er að verða mikilvægur til upplýsingamiðlunar og samtals hjá okkur.

Með kærri kveðju,
Eypór Björnsson

ÁRSPING SSNE

Almenn ánægja var með ársþing SSNE sem haldið var rafrænt 9. og 10. október sl. Tekin voru fyrir þau mál sem ber að taka fyrir skv. samþykktum félagsins. Tillaga barst fyrir þingið um fagráð umhverfismála sem ekki er gert ráð fyrir í samþykktum félagsins. Fundurinn samþykkti að fela stjórn að skoða sérstaklega hvort tilefni væri til að stofna fagráð umhverfismála og með hvaða hætti fylgja ætti eftir áherslum í sóknaráætlun er varðar umhverfismál innan SSNE. Fundurinn samþykkti einnig að markmiðum og áhersluatriðum í sóknaráætlun yrði fækkað og fól stjórn að koma með tillögu í þeim efnum á aukabíng SSNE sem haldið verður rafrænt 11. desember nk. Á þinginu var fundargestum skipt upp í sjö hópa sem falið var að ræða hvað gengi vel og hvað mætti betur fara hjá SSNE til að þjónusta enn betur sveitarfélög og atvinnulíf á svæðinu. Hóparnir kynntu síðan niðurstöður hópastarfsins. Þessi vinna var góð endurgjöf á starf SSNE og komu fram góðar ábendingar til að vinna áfram.

Eftirfarandi framsögur voru fluttar og sköpuðust í kjölfarið miklar umræður um matvælaframleiðslu og velferðartækni:

Eimur – Nýsköpun í sjálfbærni

Sesselja Ingibjörg Barðdal Reynisdóttir, framkvæmdastjóri Eims, kynnti stefnu, markmið og framtíðarsýn Eims ásamt Ottó Elíassyni, þróunarstjóra Eims.

Matís á landsbyggðunum

Oddur Már Gunnarsson, forstjóri Matís, kynnti áform Matís um uppbyggingu starfsstöðva á landsbyggðunum og samning þess efnis við ríkið.

Miðstöð velferðar- og heilbrigðistækni á Norðurlandi

Halldór Sigurður Guðmundsson, framkvæmdastjóri Öldrunarheimila Akureyrar, og Sigurður Einar Sigurðsson, framkvæmdastjóri lækninga á SAK, kynntu miðstöð velferðar- og heilbrigðistækni á Norðurlandi.

Eftirtaldir ávörpuðu þingið:

- Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra
- Aldís Hafsteinsdóttir, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga
- Steingrímur J. Sigfússon, 2. þingmaður Norðausturkjördæmis

Fundargerðina í heild má sjá [hér](#).

Viðverutímar starfsmanna

Húsavík - Baldvin og Ari eru þar flesta daga vikunnar á milli 9:00 og 16:00. Silja er alla daga vikunnar nema þriðjudaga. Eypór er þar tvo daga í viku þegar Covid leyfir, Meginreglan er að hann sé þar miðvikudaga og fimmtudaga en það er nokkuð breytilegt eftir dagskrá hvernar viku. **Akureyri** - Elva, Rebekka, Helga María og Vigdís eru þar alla daga vikunnar á milli 9:00 og 16:00. **Bakkafjörður** - Ólafur Áki er með starfsstöð á Bakkafirði en viðvera er mismunandi. **Raufarhöfn** - Nanna Steina er þar alla daga vikunnar nema föstudaga á milli 9:00 og 16:00 **Kópasker** - Lotta er með starfsstöð en viðvera er mismunandi. **Grimsey** - Karen Nótt er þar flesta daga á milli 9:00 og 16:00.

Vinsamlegast notið ykkur síma eða tölvupóst til að skipuleggja fundi því þó svo viðvera sé tiltölulega föst þá er betra að vera búin að tryggja að starfsfólks sé til staðar. Allar tenglaupplýsingar má finna [hér](#).